



Bær við Salthöfða Eyðibýli í Öræfum

II



Bjarni F. Einarsson
2005

Forsíðumyndin sýnir Bæ undir hömrúnunum skammt austur af Fagurhólsmýri sem sést t.v. á myndinni. Yfir gnæfir Öræfajökull. (Ljósm. BFE. Filma 3).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Fornleifafélag Öræfa
Janúar 2005

Inngangur

Að beiðni Fornleifafélags Öræfa tók Fornleifafræðistofan að sér að grafa ofan af meintum bæjarhúsarústum eyðibýlisins Bæjar, undir hömrum skammt vestur af Salthöfða eða u.p.b. miðja vegu á milli Salthöfða og Fagurhólsmýri. Markmið rannsóknanna var að staðfesta endanlega tilvist bæjarins, varpa ljósi á ástand hans og kanna hvort hægt væri að grafa hann fram úr gjóskunni án þess að róta að einhverju marki við eiginlegum mannvistarlögum á staðnum.

Eftir að sjálfri rannsókninni lauk var flogið yfir rústirnar til að taka ljósmyndir úr lofti. Þær voru notaðar til að teikna nákvæma mynd af bænum.

Áður hafa jarðsjármælingar og prufuholurannsóknir farið fram á staðnum sem sýndu að bæjarleifa væru að vænta á þessum stað (Bjarni F. Einarsson 2002). Vísast í þá skýrslu varðandi bakgrunn rannsóknanna. Síðan hefur vikur verið grafinn ofan af stórum hluta bæjarstæðisins og þannig var umhorfs þegar rannsókn sú, sem hér er gerð grein fyrir, hófst.


Nú hefur verið ákveðið að kalla bæ þennan Bæ, eða Bæ við Salthöfða.

Drög að þessari skýrslu voru skrifuð í júlí 2004, en við þau hefur verið bætt teikningum, ljósmyndum og nánari umfjöllun um bæjargerðina.

Styrkir til rannsóknanna fengust úr Kvískerjasóði og Fornleifasjóði.

Rannsóknin hófst þann 20. maí síðastliðinn og var fram haldið til 24. sama mánaðar. Auk míni tóku þeir Kristján Mímisson fornleifafræðingur á Fornleifafræðistofunni, Björn G. Arnarsson safnvörður á Höfn, Raganar Frank Kristjánsson þjóðgarðsvörður, bræðurnir Helgi, Halfdán og Sigurður Björnssynir bændur á Kvískerjum og Sigurður Bjarnason bóndi á Hofsnesi þátt í rannsókninni. Fjölnir Torfason á Hala stýrði lítilli gröfu síðustu daga rannsóknanna. Aðrir fjölskyldumeðlimir á ýmsum aldri frá Skaftafelli, Júllatúni 8 á Höfn, Hofsnesi og Fagurhólsmýri, og víðar, tóku þátt í þeim í skemmri eða lengri tíma. Öllum þessum nefndu og ónefndu einstaklingum er þakkað kærlega fyrir ánægjulegt og gefandi samstarf.

Magnús Magnússon kvíkmyndagerðarmaður tók upp efni á fyrstu dögum rannsóknanna.



Mynd 1. Staðsetning Bæjar í Öræfum. (Kortabók Máls og menningar 2000. Viðbætur BFE).

Rannsóknin

Áður en sjálf rannsóknin eða hreinsunin hófst mátti sjá hellugrjót í hrúgum á svæðinu. Pessar hellur voru túlkaðar sem leifar af þakhellum. Reyndist það rétt mat.

Á einum stað mátti grillla í hleðslugrjót í vikrinum og var ákveðið að kanna það frekar og grafa með hleðslunum í þá átt sem verða vildi. Reyndust þær vera ytri veggheleðslur herbergis A, eða vestur gafl syðsta herbergisins (sjá mynd 2). Var veggjum síðan fylgt í allar áttir uns herbergi A – C höfðu teiknað sig greinilega. Héldum við að þar með væri bærinn allur kominn í ljós, nær línulaga eins og bæir frá þessum tímma eru yfirleitt taldir vera. Helluhrúga vestan við herbergi C var talin vera úr sjálfstæðu húsi. Petta reyndist þó ekki rétt og í ljós kom að hellurnar tilheyrðu herbergi F. Fleiri herbergi komu svo í ljós og voru þau öll hluti af sama húsi. Hús af þessari gerð hefur ekki áður verið kannað hér á landi og sennilega með öllu óþekkt hingað til. Þó sumt sé líkt með mörgum bæjarhúsum hér á landi og þessu þá er ljóst að þetta hús er einskonar blanda af Pjórsárdalstýpunni og Grafarbænum í Öræfum, en hann fór í eyði í sama gosi og Bær, eða í Öræfajökulsgosinu 1362. Aldrei áður hefur t.d. bæjarhús með aðaldyrum í kverk milli herbergja fundist hérlandis.



Mynd 2. Herbergi A fullhreinsað. Fremst eru aðaldyr sem snúa fram á hlaðið. Að húsabaki eru aðrar dyr sem snúið hafa út úr húsinu. Eins og sjá má er herbergið fullt af vikri frá Öræfajökli 1362. (Horft til A. Stafrænar ljósmyndir nr. 12. Ljósm. BFE).

Herbergi A – F (nema herbergi G) voru öll án grjótveggja að utanverðu að húsabaki. Þar hafa veggir verið mjög aflíðandi og breiðir, sérstaklega í herbergjum A - C.

Svipuð lausn getur hafa verið á Gröf, þó ekki komi það vel fram í skýrslunni (Gísli Gestsson 1959). Af teikningum má þó ætla þetta. Enn í dag má sjá torfhús í sveitinni með sömu veggjagerðum.

Hugsanlega hefur bærinn verið stækkaður til suðurs (herbergi A og B) og veggur á milli herbergja B og C verið breikkaður í því sambandi og herbergi G verið bætt við. Nánari rannsókn sker úr um þetta og þá ættu leifar af grjóthleðslu að vera neðarlega í vegg þessum.

Í einu herbergi (B) var prufuhola grafin til að kanna hve djúpt var niður á gólf. Reyndist það vera rétt rúmlega 0,6 m. Gólfíð var fullt af brenndum beinum, viðarkolum, sóti og ösku og nokkuð flekkótt. Var það alveg eins og gólf sem vænta má að finna í rými þar sem eldstæði er að finna.

Pegar prufuholur voru grafnar á bæjarstæðinu árið 2002 fundust timburleifar í nær öllum prufuholum undir gjóskunni frá 1362. Þrjár tréflísar ca. 1 x 3 sm stórar voru teknar til handargagns í tilraunaskyni. Hafa þær legið á skrifborði Fornleifafræðistofunnar æ síðan án nokkurar




Mynd 3. Myndin er tekin ofan úr klettunum norðan við bæinn. Öll herbergi bæjarins hafa verið hreinsuð að hluta. Eins og sjá má á myndinni er lækurinn farinn að skera úr bakkanum hættulega nærri bænum. Skurðurinn neðst á myndinni var grafinn til að ræsa svæðið fram. Horft til S. (Stafrænar ljósm. nr. 38. Ljósm. BFE).

meðferðar. Á tveimur flísanna sést nákvæmlega engin breyting, en á þeirri þriðju eru agnar smáar sprungur sýnilegar (ekki vitað hvort þær voru til staðar þegar flísin var tekin upp). Þetta sýnir að timbur er trúlega afar vel varðveitt á staðnum.

Við rannsóknina nú fannst einn gripur en það var brýni úr erlendu



Mynd 4. Sama mynd og að ofan með viðbótum. (Stafr. ljósm. nr. 42. Ljósm. BFE).



Mynd 5. Teikning byggð á mynd 4. Mælikvarða vantar en stærð bæjarins N – S er rúmir 20 m.



Mynd 6. Herbergi B fullhreinsað. Steinarnir fremst á myndinni reyndust vera úr bæjardyrum. Horft til A. (Stafrænar ljósmyndir nr. 14. Ljósm. BFE).

flögubergi (mynd 8). Lá brýnið ofan á vesturvegg herbergis C.

Nú liggur heildarstærð bæjarins ljós fyrir, en enn vantar að finna fjós og önnur úтиhús, t.d. smiðjuna. Líklegasta staðsetning fjóssins er ca. 5 – 10 m vestur af bænum. Annar staður kemur vart til greina á bæjarstæðinu, en ekki er hægt að útiloka svipaða lausn og að Gröf þar sem fjósið var lengra frá.

Skammt SA af bænum er stakur grasi gróinn hóll sem virðst geyma mannvirki. Par gæti smiðjan hafa staðið spölkorn frá staðnum eins og altítt var um smiðjur (sjá mynd 7).

Um einstök herbergi á bænum verður ekkert sagt með vissu annað en að herbergi G er eldhús. Ég leyfi mér þó að giska á eftirfarnadi:

A = Hesthús.

B = Skáli (með eldstæði?).

C = Stofa.

D = Búr (með sáum?).

E = Búr (með sáum?).

F = Baðstofa/skáli.

G = Eldhús með hlóðum.

H = Bæjardyr.




Mynd 7. Horft yfir bæjarstæðið ofan af hömrunum. Salthöfði í bakgrunni. Þegar hér var komið sögu var talið að bærinn væri ekki stærri en herbergi A – C sögðu til um. Á myndinni sér til starfsmanna við að hreinsa í herbergi G, sem var talið frístandandi hús. Horft til SA. (Stafr. ljósmyndir nr. 25. Ljósm. BFE).

Herbergi G er nær örugglega eldhús með hlóðum eins og áður hefur komið fram. Fylla hlóðirnar alveg út í vesturhluta herbergisins. Fremst á hlóðunum eru hellur á rönd. Upp að þessum hellum, sunnan megin í herberginu, var haugur af litlum brenndum steinum. Eru þeir túlkaðir sem soðsteinar sem notaðir voru til að hita upp mat eða jafnvel einstök herbergi ef eldstæði voru ekki til staðar.



Mynd 8. Brýni frá Bæ. Fannst ofan á vegg (Stafrænar myndir nr. 53. Ljósm. BFE).

Sjálfar hlóðirnar voru fullar af viðarkolum, sóti, ösku og eldsprungnum steinum. Náði yfirborð þeirra nokkuð upp fyrir gólfíð eða allt að einu feti. Ekki var grafið frekar ofan í hlóðirnar. Ef herbergi A, B og G eru tekin frá verður bæjarmyndin eins og smækkuð útgáfa af Stangarbænum eða Þjórsjárdalstýpunni



Mynd 9. Útlínur bæjarins teiknaðar eftir loftmynd. Grjót í veggjum er teiknað til að sýna hvar það var, en sýnir ekki nákvæmlega stærð eða lögun. Staðsetning prufuholunnar í herbergi B er sýnd. Í herbergi G má sjá hlóðirnar með svartri fyllingu. Sjá nánari útskýringar á einstökum herbergjum á bls. 7.

svokölluðu (Roussel 1943). Munurinn er þó sá að búrin að húsabaki eru samvaxin á Bæ, en ekki í húsum af Pjórsárdalsgerð.

Um nákvæma útfærslu á veggjum á kafla á bak við bæinn sbr. mynd 4 og 5 verður ekki sagt með vissu, en þar náðist ekki alveg að klára að hreinsa frá veggjum vorið 2004.


Samanburður við aðra bæi frá svipuðum tíma

Eins og fram kom hér að framan er bæjargerð eyðibýlisins sérstök. Að hluta til er hún eins og smækkuð mynd af Pjórsárdalstýpunni svokallaðri Stöng, Sámstaðir o.fl. bæjum í Pjórsárdal og víðar (Roussell (a) 1943:203). Stöng fór í eyði strax eftir 1200, eða ca. 150 árum á undan eyðingu Bæjar. Bærinn kann að hafa breyst úr lítilli Pjórsárdalstýpu í þá týpu sem hann að lokum varð vegna breyttra aðstæðna eða annarra þátta


sem erfitt getur verið að skýra svo sem efnahag, veðurfar, hugmyndafræði o. s. frv. Snið í millivegg herbergja B og C varpar nánara ljósi á hvort þessi þróun hafi orðið á Bæ sem að framan greinir.

Stangarbærinn fer í eyði um 1200 vegna þess að ekki var hægt að búa þar lengur vegna vikurs úr Heklu sem féll talsvert fyrr eða árið 1104 (Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson 1996:122). Engu að síður hefur bæjargerðin líklega lifað eitthvað áfram á einhverjum bæjum sunnanlands og breytingar svo gerðar á gerðinni eftir þörfum. Athyglisvert er að sjá hversu mikill munur er á Bæ og Gröf þó þeir séu í sömu sveit. Grafarbærinn er gjarnan talinn vera fyrsta þróunarstigið í átt að gangabæ. Um Bæ verður varla sagt að hann sé ví�ir að gangabæ, nema að veggur eða þil hafi verið í herbergi F norðaustanverðu. Þá hafa verið einskonar göng frá bæjardyrum og alla leið inn í herbergi D. Megin munurinn á Bæ og öðrum bæjum er sá að húsin á Bæ eru byggður í vinkil þar sem bæjardyrnar eru í hverkinni á milli húsarmanna. Þetta er einstakt.


Aðrir bær en Gröf og Bær frá 14. öld hafa ekki verið grafnir á Íslandi. Næsti bær í tíma, sem rannsakaður hefur verið, er bærinn Kúabót í Álftaveri (Gísli Gestsson 1987:11-38). Sá bær er



Mynd 10. Stöng í Pjórsárdal. Teikn. Stofa niðri t.v. Skáli til hægri og bún að húsabaki. Teikn. Aage Roussell 1943 (b).



Mynd 11. Gröf í Öræfum. Frá vinstri má sjá búr, stofa, skáli og á milli skála og storfu eru bæjardyr eða göng. Að húsabaki eru óþekkt hús og eldhús aftast. Teikn. Gísli Gestsson 1959.



Mynd 12. Kúabót í Álftaveri. Neðsta (syðsta) húsið er kirkja. Teikn. Gísli Gestsson 1987.

talinn hafa farið í eyði í jökulhlaupi 1490. Hann mynnir að nokkru leyti á Gröf.


Varðandi Gröf og Kúabót virðist vera hægt að ætla að veggir húsanna að húsabaki séu ekki fyllilega kannaðir og vel hægt að ímynda sér að þeir kunni að hafa verið með álíka sniði og veggirnir á Bæ, þ.e.a.s. verið afar breiðir og án grjóthleðslna yst.

Næstur í tímaröðinni er Reyðarfell í Borgarfirði (Porkell Grímsson 1976). Sá bær er talinn hafa farið í eyði um 1500.


Þá kemur Forna-Lá í Eyrarsveit á Snæfellsnesi í röðinni. Hún er talin hafa farið í eyði einhverntíman á tímabili 1450 – 1550 (Kristján Eldjárn 1951:108). Ég tel aldur þessa bæjar vera allnokkuð yngri, eða ekki eldri en frá lokum 16. aldar.

Er hann býsna líkur næsta bæ í tíma sem er Sandártunga í Pjórsárdal, en hún fór í eyði í Heklugosi árið 1693. Vitað er hver síðastur bjó á bænum, en hugsanlega er það elsta örugga dæmið á landinu um slíkt.


Forna-Lá og Sandártunga eru fullþroska gangabærir þar sem göngin eru nálægt miðju húsi og fleiri herbergi liggja út frá göngunum til beggja handa. Líta má svo á að búrin tvö, sem áður voru nokkuð frá hvort öðru á bæjum af Pjórsárdalsgerð, hafi nú dregist endanlega saman að húsabaki og dyr komið á milli þeirra þegar gangabærinn er orðinn fullþroskaður. Jafnframt



Mynd 13. Reyðarfell í Borgarfirði. Frá vinstri er búr, svo stofa og þá skáli. Að húsabaki er baðstofa. Í miðju húsi eru bæjargöngin. Teikn. Porkell Grímsson 1976.



Mynd 14. Forna-Lá í Eyrarsveit, Snæfellsnesi. Þetta er fullþroska gangabær. Frá vinstri í neðri röð er hlaða, fjós og skáli. Að húsabaki er eldhús t.v. og baðstofa t.h. Í miðjunni eru bæjargöngin. Teikn. Kristján Eldjárn 1951.




Mynd 15. Sandártunga í Pjórsárdal. T.v. er búr og svo baðstofa og eldhús Að húsabaki eru vefstofa t.v. og óþekkt hús. Í miðju eru bæjargöngin. Teikn. Kristján Eldjárn 1951.

hafa þau breytt um hlutverk. Á Bæ eru herbergin tvö að húsabaki ekki endanlega sameinuð, enda ekki dyr komnar á milli. Aðeins útveggirnir hafa sameinast.


Bærinn á Bæ er eini bærinn sinnar tegundar sem rannsakaður hefur verið á Íslandi enn sem komið er. Hann boðar talsverðar breytingar í íslenskri húsagerð, þó svo að þær hafi ekki náð að slá í gegn að því er virðist víða. Þess ber þó að geta að afar fáir bæir frá seinni hluta miðalda hafa verið rannsakaðir á Íslandi fram að þessu. Aðeins tveir bæir eru nú rannsakaðir hérlendis sem eru frá 14. öld eins og áður er getið og örfáir sem eru yngri. Frá 15. öld eru aðeins Kúabót og Reyðarfell rannsakaðir, ef Forna-Lá er ekki talin með.

Árið 1895 gróf Þorsteinn Erlingsson eyðibýlið Laugar (einnig Laugahvammur) í Hrunamanna-afrétti, skammt austan við Hvítá, langt fyrir ofan þáverandi og núverandi byggð (Bruun 1897:159). Bærinn mun hafa farið í eyði um 1100. Þar eru dyr í kverk og frá þeim tvennar aðrar dyr inn í fjós og einskonar bæjargöng (sjá mynd 16). Munurinn á þessari lausn og þeirri á Bæ er sá að þetta eru ekki bæjardyr (aðaldyr), heldur dyr að húsabaki.

Glaumbær í Skagafirði er annað dæmi um bæ með dyrum í kverk sem ég hef fundið (Bruun 1897:126). Á mynd 17 má sjá þessar dyr að húsabaki. Liggja þær inn í fjós. Til eru eldri uppdrættir af þessum bæ og á einum þeirra frá 1784 eru aðrar dyr í annari kverk. Þá liggja dyrnar



Mynd 16. Laugar í Hrunamannafrétti. Skalinn sýnir 80 fet. Skv. Daniel Brunn er efst t.h. hlaða, þá fjós og heygarður í kverkinni á milli þeirra. Neðst eru eldhús t.v. og stofa t.h. Önnur hús t.h. eru löskuð. Vel mætti kalla neðstu húsin fyrir stofu (t.v.) og skála sbr. Kristján Eldjárn 1949:7. Teikn. Þorsteinn Erlingsson 1897. (Í Bruun 1897).



Mynd 17. Glaumbær í Skagafirði. Þessi húsaskipan er frá árinu 1896. Þetta er norðlenskur burstabær með fimm húsaröðum. Eftir miðju húsinu liggja bæjargöngin og út frá þeim öll önnur herbergi (hús). Teikn. Daniel Brunn 1897.

inn í eldiviðarkofa sem síðar hvarf og annað hús komið í staðinn, sem lenti inni í bænum á mynd 17. (Torfbærinn 1982:14). Dyr í kverkum eru þekktar á fleiri torfbæjum frá 19. öld svo sem Stað í Hrútafirði (Hörður Ágústsson 1998:42).

Frá miðaldabæjum á Grænlandi (Albrethsen 1982) og Shetlandseyjum (Small 1982) eru dyr í kverkum þekktar, en ekki bæjardyr (aðaldyr).

Niðurstaða

Markmið rannsóknanna náðist að öllu leyti. Enginn vafi leikur á því að þarna er bær sem fór í eyði við gosið í Öræfajökli 1362. Hann er í afar góðu ástandi og segja má að veggir séu að mestu leyti heilir. Eitt herbergi, herbergi E, er skaddað af seinni tíma raski sem sennilega átti sér stað þegar súrheysgrifja var grafin þarna í byrjun 20. aldar. Þessar aðstæður gefa afar góð fyrirheit um heillega húshluta og gripi úr ýmsum efnum þ.á.m. tré. Ekki er lokað fyrir það skotið að þetta sé einn best varðveissti bær frá miðöldum sem hingað til hefur fundist! Hann gefur Gröf ekkert eftir í þeim efnum. Þess má til gamans geta að einn Kvískerjabræðra, Sigurður Björnsson, tók þátt í rannsókninni nú, en hann er einmitt sá sem fann Gröf um miðbik síðustu aldar. Afi hans var hins vegar sá sem gróf súrheysgrifjuna og fyrstur fann Bæ.

Mannvirki sem vart varð í prufuholu 2, sem grafin var árið 2002, er sennilega útveggur herbergis B til vesturs. Í prufuholu 4 varð vart veggjar sem lá A -V. Það hlýtur að hafa verið suður útveggur herbergis G.

Undir bæjarrústunum eru miklar leyfar eldri mannvirkja eins og fram kemur í skýrslu rannsóknanna 2002 (Bjarni F. Einarsson 2002).

Skammt suðvestur af bæjarstæðinu er stakur hóll. Hann geymir mjög líklega rúst og gæti það verið smiðja. Nánari rannsókn myndi taka af allan vafa um það.

Líklegasti staðurinn fyrir fjósið er vestur af bæjarrústunum. Þar hafði gjóskufarginu ekki verið lyft ofan af enn.

Túngarður mikill sést nokkuð frá rústunum til austurs. Liggur hann fyrst með klettunum, norðan við lækinn, en heldur svo til suðurs yfir lækinn og út í mýrina. Má fylgja honum dágóðann spöl þar sem hann beygir svo til vesturs og liggur nálægt slóða sem þar liggur um. Sennilega hefur garðurinn legið aftur að hömrunum þó ekki sé hægt að sjá það nú.

Lækurinn sem rennur hjá rústunum er farinn að ógna rústunum talsvert mikið og full ástæða til að hefta framgang hans.

Öll mannvirki á staðnum eru friðuð skv. Þjóðminjalögum (þjóðminjalog 2001). Ástæða er til að friðlýsa þessar rústir.

Mynd 18. Verki lokið vorið 2004. Frá vinstri, Ragnar F. Kristjánsson, Helgi Björns-son, Halfdán Björnsson, Sigurður Bjarnason og Ulla Pedersen. Aðrir þátt-takendur voru farnir. (Stafrænar ljósm. nr. 51. Ljósm. BFE).



Heimildir:

- Albrethsen, Svend Erik. „Træk af den norrøne gårds udvikling på Grönland.“ *Vestnordisk byggeskikk gjennom to tusen år. Tradition og forandring fra romertid til det 19. århundre.* Stavanger 1982.
- Bjarni F. Einarsson. *Undir Salthöfða í Öræfum. Leit að bæjarstæði. Handrit.* Fornleifafræðistofan. Október 2002.
- Bruun, Daniel. *Fortidsminder og nutidshjem paa Island.* København 1897.
- Gísli Gestsson. „Gröf í Öræfum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1959.* Reykjavík 1959.
- Sami. „Kúabót í Álfaveri.“ *Árbók Hins íslenska fornleifafélags 1986.* Reykjavík 1987.
- Hörður Ágústsson. *Íslensk byggingararfleifð I. Ágrip af húsagerðarsögu 1750 – 1940.* Reykjavík 1998.
- Kortabók 1:300 000. Mál og menning 2000.*
- Kristján Eldjárn. „Tvennar bæjarrústir frá seinni öldum.“ *Árbók Hins ísl. fornleifafélags 1949 – 50.* Reykjavík 1951.
- Roussell, Aage (a). „Stöng. Þjórsárdalur.“ *Forntida gårdar i Island.* Red. Mårten Stenberger. København 1943.
- Ibid (b). „Komparativ avdelning.“ „*Forntida gårdar i Island.* Red. Mårten Stenberger. København 1943.
- Small, Allan. „The Norse Building Tradition in Shetland.“ *Vestnordisk byggeskikk gjennom to tusen år. Tradition og forandring fra romertid til det 19. århundre.* Stavanger 1982.
- Torfbærinn. Frá eldaskála til burstabæjar.* Sýning frá Þjóðminjasafni Íslands 1982. [Reykjavík 1982].
- Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson. „Gård og kirke på Stöng í Þjórsárdalur. Reflektioner på den tidligste kirkeordning og kirkersetning på Island.“ *Nordsjøen. Handel, religion og politikk. Karmøyseminaret 1994 og 1995.* Red. J.F. Krøger & H.R. Naley. Stavanger 1996.
- Þjóðminjalög nr. 107, 20. maí 2001.* Þingskjal 1490, 126.
- Porkell Grímsson. Miðaldabyggð á Reyðarfelli. *Minjar og menntir.* Reykjavík 1976.

Úr dagbók

23/5 2004

Komum á staðinn að morgni hins 20. maí 2004. Hófumst þegar handa við að moka við steinaröð og fylgdum henni til beggja handa. Þar var kominn veggur húss A, auk dyra mótt V. Héldum við svo áfram að fylgja veggjum (grjóthleðslum) bæði innan- og utanhúss. Allstaðar voru hleðslur, nema á bak við húsið og við N – gafl. Þar voru moldarveggir látnir ganga niður.

Húsið (Hús 1) reyndist vera 7,9 x 18,5 m stórt og liggja u.p.b. N – S. [Þessi mál voru mæld áður en ljóst var að fleiri herbergi væru að finna til vesturs, herbergi C – G].

Þrjú herbergi (A – C) voru í húsinu og var miðherbergið stærst (B). Hin tvö jafnstór. Dyr voru á öllum til V, en að auki voru dyr á A til A. Ekki er hægt að útiloka enn að þær hafi legið inn í annað herbergi.

Engin göng!

Veggirnir að framanverðu voru úr grjóti og torfi. Hlaðnir upp hið ytra og fyllt með torfi á milli. Á bak við og við N – gafl voru ekki hleðslur á utanverðum veggjum eins og fram kom að framan.

Trúlega eru veggirnir allir varðveittir á hæðina. Efst er talsvert um minna grjót.

Hreinn vikur er í herbergi A (þak ekki fallið þegar vikurinn fyllti herbergið). Í B hefur þakið hrunið niður [að hluta] áður en það fylltist. Í dyrum og horninu á móti þeim (NA) var mjög grófur vikur, en í S – hluta var hann fínni.

Prh. í 1:B 1 x 1 m. 0,66 m dj. ($0,66 \times 0,55 = 1,21$) frá brún veggjar í A [austur].

Gólfíð með viðarkolum, brenndum beinum og sóti. Leirsstellur. Steinn í SV – horni holunnar (sjá ljósmynd). Eldstæði í húsinu [herberginu]? Gólfíð mjög þykkt (lagskipt) > 12 sm þykkt.

[Petta er skrifað áður en ljóst var að rústin hafði fleiri herbergi en þessi þrjú (A – C).]

Skrár

Stafrænar myndir
Litskyggjur

Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	20.5.2004	SSA
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Byrjað að hreinsa bæjarrústina (Herb A) á Bæ eftir vélavinnu. fiakhellur á víð og dreif.	1
Ljósmyndari		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	20.5.2004	SSA
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Byrjað að hreinsa bæjarrústina (Herb. A) á Bæ eftir vélavinnu. fiakhellur á víð og dreif.	2
Ljósmyndari		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	20.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Hreinsun nýhafin.	3
Ljósmyndari		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	20.5.2004	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Dyr inn í herbergi A.	4
Ljósmyndari		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	20.5.2004	N
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Hreinsun eftir útveggjum herbergja A og B.	5
Ljósmyndari		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	21.5.2004	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Hreinsun í gangi. Fremst sést í þakhellur yfir eldhúsi sem ekki er hreinsað.	6
Ljósmyndari		
Bjarni F. Einarsson		



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	21.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð.	7
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	21.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð.	8
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	22.5.2004	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Herbergi A hreinsað. Sjá má tvennar dyr.	9
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	22.5.2004	V
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Herbergi A hreinsað. Sjá má tvennar dyr. Bakdyr í forgrunni.	10
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	22.5.2004	V
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Herbergi A hreinsað. Sjá má tvennar dyr. Bakdyr í forgrunni. HQ mynd.	11
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	22.5.2004	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Herbergi A hreinsað. Sjá má tvennar dyr. HQ mynd.	12
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	22.5.2004	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Herbergi B hreinsað. Sjá má tvennar dyr.	13
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	22.5.2004	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Herbergi B hreinsað. Sjá má tvennar dyr.	14
<i>Ljósmyndari</i>	HQ mynd.	
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	22.5.2004	N
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Herb. A og B hreinsuð. Vinna í herb. C.	15
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	22.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð.	16
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	22.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð. HQ mynd.	17
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	22.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð.	18
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Táktala
Bær	Hofshreppur	7706
Sýsla	Dags	Mót
A-Skaftafelssýsla	23.5.2004	S
Myndavél	Myndefni	Mynd nr.
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C	19
Ljósmyndari	hreinsuð. HQ mynd.	
Bjarni F. Einarsson		



Staður	Sveitarfélag	Táktala
Bær	Hofshreppur	7706
Sýsla	Dags	Mót
A-Skaftafelssýsla	23.5.2004	S
Myndavél	Myndefni	Mynd nr.
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C	20
Ljósmyndari	hreinsuð. HQ mynd.	
Bjarni F. Einarsson		



Staður	Sveitarfélag	Táktala
Bær	Hofshreppur	7706
Sýsla	Dags	Mót
A-Skaftafelssýsla	23.5.2004	S
Myndavél	Myndefni	Mynd nr.
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C	21
Ljósmyndari	hreinsuð.	
Bjarni F. Einarsson		



Staður	Sveitarfélag	Táktala
Bær	Hofshreppur	7706
Sýsla	Dags	Mót
A-Skaftafelssýsla	23.5.2004	S
Myndavél	Myndefni	Mynd nr.
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C	22
Ljósmyndari	hreinsuð. HQ mynd.	
Bjarni F. Einarsson		



Staður	Sveitarfélag	Táktala
Bær	Hofshreppur	7706
Sýsla	Dags	Mót
A-Skaftafelssýsla	23.5.2004	SSA
Myndavél	Myndefni	Mynd nr.
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C	23
Ljósmyndari	hreinsuð. Salthöfði t.v.	
Bjarni F. Einarsson		



Staður	Sveitarfélag	Táktala
Bær	Hofshreppur	7706
Sýsla	Dags	Mót
A-Skaftafelssýsla	23.5.2004	SA
Myndavél	Myndefni	Mynd nr.
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C	24
Ljósmyndari	hreinsuð.	
Bjarni F. Einarsson		



Stafrænar ljósmyndir

Staður	Sveitarfélag	Táktala	
Bær	Hofshreppur	7706	
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	ASA	25
Myndavél	Myndefni		
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð. Salthöfði í bakgrunni.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



Staður	Sveitarfélag	Táktala	
Bær	Hofshreppur	7706	
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	VSV	26
Myndavél	Myndefni		
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



Staður	Sveitarfélag	Táktala	
Bær	Hofshreppur	7706	
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	VSV	27
Myndavél	Myndefni		
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



Staður	Sveitarfélag	Táktala	
Bær	Hofshreppur	7706	
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	VSV	28
Myndavél	Myndefni		
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - C hreinsuð.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



Staður	Sveitarfélag	Táktala	
Bær	Hofshreppur	7706	
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	V	29
Myndavél	Myndefni		
Olympus mju 300	Herbergi F í hreinsun. Vinstra megin við það sést herb. G (eldhús).		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



Staður	Sveitarfélag	Táktala	
Bær	Hofshreppur	7706	
Sýsla	Dags	Mót	Mynd nr.
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	V	30
Myndavél	Myndefni		
Olympus mju 300	Þakhellur í herb. F.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Grófari vikur í NA - horni herb. B.	31
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	-
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Prufuhola í herb. B. Gólf á botni, á rúmlega 0,6 m dýpi.	32
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Prufuhola í herb. B. Gólf á botni, á rúmlega 0,6 m dýpi.	33
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Herb. A - G hreinsuð. Vél að hreinsa hlaðið.	34
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	23.5.2004	A
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Vél að hreinsa rétt austan við herb. A. Ragnar F. að vinna.	35
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	24.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð.	36
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð.	37
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð. HQ mynd.	38
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð. HQ mynd.	39
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð. HQ mynd.	40
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð.	41
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	S
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð.	42
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>	
Bær	Hofshreppur	7706	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	VSV	43
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>	
Bær	Hofshreppur	7706	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	VSV	44
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Herb. A - G hreinsuð. HQ mynd.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>	
Bær	Hofshreppur	7706	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	S	45
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus mju 300	Herbergi D hreinsað. Búr?		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>	
Bær	Hofshreppur	7706	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	S	46
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus mju 300	Herbergi E hreinsað. Búr?		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>	
Bær	Hofshreppur	7706	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	A	47
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus mju 300	Herb. G (eldhús) í hreinsun. Í bakgrunni má sjá dyr inn í herb. B.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>	
Bær	Hofshreppur	7706	
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>	<i>Mynd nr.</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	N	48
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>		
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Öll herbergi hreinsuð.		
Ljósmyndari			
Bjarni F. Einarsson			



Stafrænar ljósmyndir

<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	N
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Öll herbergi hreinsuð.	49
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	24.5.2004	N
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Yfirlit yfir bæjarstæðið. Öll herbergi hreinsuð.	50
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	24.5.2004	NV
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Verkfæri tekin saman. Fr. v. Ragnar, Helgi, Halfdán, Sigurður og Ulla.	51
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafellssýsla	25.5.2004	-
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Brýni sem fannst ofan á vegg milli herb. C og F.	52
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



<i>Staður</i>	<i>Sveitarfélag</i>	<i>Táktala</i>
Bær	Hofshreppur	7706
<i>Sýsla</i>	<i>Dags</i>	<i>Mót</i>
A-Skaftafelssýsla	25.5.2004	-
<i>Myndavél</i>	<i>Myndefni</i>	<i>Mynd nr.</i>
Olympus mju 300	Brýni sem fannst ofan á vegg milli herb. C og F.	53
<i>Ljósmyndari</i>		
Bjarni F. Einarsson		



Ljósmyndaskrá, litskyggjur

<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	1	<i>Dags</i>	20.5.2004	<i>Mót</i>	SA	<i>Myndefni</i>	Hreinsun eftir útveggjum herbergja A og B.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	2	<i>Dags</i>	20.5.2004	<i>Mót</i>	SSA	<i>Myndefni</i>	Yfirlit yfir svæðið í byrjun verks.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	3	<i>Dags</i>	20.5.2004	<i>Mót</i>	S	<i>Myndefni</i>	Yfirlit yfir svæðið í byrjun verks.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	4	<i>Dags</i>	20.5.2004	<i>Mót</i>	N	<i>Myndefni</i>	Yfirlit yfir svæðið í byrjun verks.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	5	<i>Dags</i>	20.5.2004	<i>Mót</i>	A	<i>Myndefni</i>	Dyr herbergi A að koma í ljós.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	6	<i>Dags</i>	20.5.2004	<i>Mót</i>	N	<i>Myndefni</i>	Minnkur á hlaupum við skúta norðan við bæjarlækinn.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	7	<i>Dags</i>	20.5.2004	<i>Mót</i>	N	<i>Myndefni</i>	Minnkur á hlaupum í brekkunni norðan við bæjarlækinn.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	8	<i>Dags</i>	21.5.2004	<i>Mót</i>	A	<i>Myndefni</i>	Horft yfir norðurhluta rústanna. Framarlega t.v. má sjá þakhellur úr herbergi F.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	9	<i>Dags</i>	21.5.2004	<i>Mót</i>	S	<i>Myndefni</i>	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Myndin tekin úr hömrunum norðan við svæðið.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	10	<i>Dags</i>	21.5.2004	<i>Mót</i>	S	<i>Myndefni</i>	Yfirlit yfir herbergi A - C. Myndin tekin úr hömrunum norðan við bærastæðið.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	11	<i>Dags</i>	21.5.2004	<i>Mót</i>	S	<i>Myndefni</i>	Yfirlit yfir herbergi A - C. Myndin tekin úr hömrunum norðan við bærastæðið.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	12	<i>Dags</i>	22.5.2004	<i>Mót</i>	A	<i>Myndefni</i>	Herbergi A klárt. Sjá má báðar dyr herbergisins. Báðar virðast liggja út, en ekki inn í annað herbergi.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	13	<i>Dags</i>	22.5.2004	<i>Mót</i>	V	<i>Myndefni</i>	Herbergi A klárt. Sjá má báðar dyr herbergisins. Báðar virðast liggja út, en ekki inn í annað herbergi.
<i>Filma nr.</i>	1	<i>Mynd nr.</i>	14	<i>Dags</i>	22.5.2004	<i>Mót</i>	V	<i>Myndefni</i>	Herbergi B klárt.

Ljósmyndaskrá, litskyggjur

Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	15	22.5.2004	A	Herbergi B klárt.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	16	22.5.2004	N	Yfirlit yfir herbergi A - B (C sést ekki).
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	17	22.5.2004	S	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Herbergi A - C klár.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	18	22.5.2004	S	Yfirlit yfir austurhluta rannsóknarsvæðisins. Herbergi A - C klár.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	19	22.5.2004	A	Herbergi C klárt. Sjá má snið í austurgafl herbergisins. Það var fyllt síðar.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	20	23.5.2004	S	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Herbergi A - C klár.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	21	23.5.2004	S	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Herbergi A - C klár. Unnið er við að hreinsa ofan af herbergjum D og F.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	22	23.5.2004	S	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Herbergi A - C klár.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	23	23.5.2004	SA	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Herbergi A - C klár. Unnið er við að hreinsa ofan af herbergjum D og F.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	24	23.5.2004	VSV	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	25	23.5.2004	VSV	Yfirlit yfir miðhluta rannsóknarsvæðisins.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	26	23.5.2004	V	Yfirlit yfir herbergi F. Myndin tekin úr herbergi C. Sjá má þakhellur á rönd sem fallið hafa inn í herbergi F.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	27	23.5.2004	A	Prufuhola í herbergi B. Sjá má gólf á botni.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	28	23.5.2004	-	Prufuhola í herbergi B. Sjá má gólf á botni.

Ljósmyndaskrá, litskyggjur

Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	29	23.5.2004	S	Lítil grafa að grafa frá bæjarhúsunum. Herbergi A - F komin vel í ljós. Herbergi G ókannað enn.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	30	24.5.2004	N	Grafa að hreinsa til á bæjarhlaðinu (í kverkinni framan við bæjardymar).
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	31	24.5.2004	N	Grafa að hreinsa til á bæjarhlaðinu (í kverkinni framan við bæjardyrnar).
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	32	24.5.2004	V	Yfirlit yfir herbergi F. Myndin tekin úr herbergi C.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	33	24.5.2004	N	Herbergi D klárt. Sjá má göng eða gang inn í herbergið (búr?).
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	34	24.5.2004	N	Herbergi E klárt. Myndin er tekin úr herbergi F og sjá má þróngar dyr inn í herbergið (búr?).
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	35	24.5.2004	S	Byrjað að hreinsa ofan af herbergi G (eldhúsi). Steinar á rönd marka hlóðirnar sem eru t.h. á myndinni.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
1	36	24.5.2004	S	Grafa að hreinsa við herbergi G. Sigurður Björnsson í Kvískerjum aðstoðar.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	1	24.5.2004	A	Dyr inn í herbergi A.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	2	24.5.2004	V	Dyr inn í herbergi A (bakdyr?).
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	3	24.5.2004	A	Dyr inn í herbergi B.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	4	24.5.2004	A	Dyr inn í herbergi C.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	5	24.5.2004	N	Dyr inn í herbergi D.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	6	24.5.2004	N	Dyr inn í herbergi E.

Ljósmyndaskrá, litskyggjur

Filma nr.	2	Mynd nr.	7	Dags	24.5.2004	Mót	N	Myndefni	Dyr inn í herbergi F. Mynin er tekin í bæjardyrum.
Filma nr.	2	Mynd nr.	8	Dags	24.5.2004	Mót	V	Myndefni	Dyr inn í herbergi G. Mynin er tekin í bæjardyrum. Sjá má hlóðirnar fjarst og soðsteina við þær t.v.
Filma nr.	2	Mynd nr.	9	Dags	24.5.2004	Mót	N	Myndefni	Bæjardyrnar.
Filma nr.	2	Mynd nr.	10	Dags	24.5.2004	Mót	V	Myndefni	Yfirlit yfir herbergi G, eldhúsið.
Filma nr.	2	Mynd nr.	11	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	12	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	13	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	14	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	15	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	16	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	17	Dags	24.5.2004	Mót	SA	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	18	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	19	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	2	Mynd nr.	20	Dags	24.5.2004	Mót	S	Myndefni	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.

Ljósmyndaskrá, litskyggjur

Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	21	24.5.2004	VSV	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	22	24.5.2004	VSV	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	23	24.5.2004	VSV	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	24	24.5.2004	VSV	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	25	24.5.2004	V	Hamrarnir ofan við Bæ.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	26	24.5.2004	VSV	Yfirlit yfir rannsóknarsvæðið. Bærinn nær allur hreinsaður.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	27	24.5.2004	A	Herbergi G klárt. Sjá má hlóðirnar framan við hellurnar á rönd.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	28	24.5.2004	S	Herbergi E klárt.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	29	24.5.2004	S	Herbergi D klárt.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	30	24.5.2004	N	Yfirlit yfir bæinn.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
2	31	24.5.2004	N	Yfirlit yfir bæinn.
Filma nr.	Mynd nr.	Dags	Mót	Myndefni
3	1-21	7.7.2004	-	Loftymyndir af Bæ undir Salthöfða í Öræfasveit. Sumar myndir teknar beint ofan við bæinn (nr. 2-5) til að teikna eftir.